

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.05.2018
Tilvísun vor: M-2018-115 / 00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, 480. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 -2024, 480. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi á framfæri við umfjöllun nefndarinnar.

Landsvirkjun tekur undir þá framtíðarsýn sem dregin er upp í tillögunni og markmið stjórnvalda.

Á vegum stjórnvalda og stofnana þess er unnið samkvæmt mörgum áætlunum sem taka til fjölmargra þátta. Brýnt er að þessar áætlanir séu samhæfðar til að tryggja að sem mestur árangur náist. Í kafla 6 í greinargerð með tillögunni er fjallað í stuttu máli um samræmingu áætlana á öllum megin sviðum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en að mati Landsvirkjunar þyrfti að draga upp skýrari mynd af því hverjar þessar áætlanir eru og hvernig þær tengjast. Með sama hætti væri gagnlegt að fá umfjöllun um áætlanir og stefnumörkun á vegum annarra ráðuneyta og tengingu þeirra við byggðaáætlun. Tekið skal fram að almenn umfjöllun er um áætlanir ríkisins í 7. kafla greinargerðarinnar. Hvað orkumál varðar má til dæmis nefna kerfisáætlun fyrir meginflutningskerfi raforku, þingsályktun um orkuskipti og verndar- og orkunýtingaráætlun. Við undirbúning tillögu að verndar- og orkunýtingaráætlun á árinu 2016 benti Landsvirkjun í umsögn til verkefnisstjórnarinnar á að ekki hafi verið litið til tengsla milli þeirrar áætlunar og byggðaáætlunar. Mikilvægt er að tryggja að áætlanir stjórnvalda stangist ekki á og samræmi þarf að vera í milli markmiða og verkefna áætlana til að tryggja skilvirkni og hámarka nýting þeirra fjármuna sem lagðir eru í verkefni. Hvatt er til þess að við gerð næstu stefnumótandi byggðaáætlunar verði dregið fram hvernig áætlanir og stefnumörkun stjórnvalda tengist og fjallað um með hvaða hætti verkefni vinna saman.

Markmið í áætluninni eru almenn og því nokkrum erfiðleikum bundið að meta árangur aðgerða og verkefna. Æskilegt er að í framtíðinni verði settir mælikvarðar með tölulegum viðmiðunum til að unnt sé að meta árangur.

Varðandi einstök verkefni eða viðfangsefni í aðgerðaráætluninni vill Landsvirkjun koma eftirfarandi á framfæri:

A.14. Jöfnun orkukostnaðar: Mikilvægt er að þegar skoðaðar eru leiðir til að jafna orkukostnað verði bæði horft til orkuþarfar og orkuverðs. Mikilvægt er að hagrænn hvati sé til að minnka orkuþörfina á þeim stöðum þar sem kostnaður við orkuöflun, flutning og dreifingu er hæstur. Þannig þarf að líta til aðgerða til orkusparnaðar, t.d. með bættri einangrun húsa, þegar ákveðnar eru aðgerðir til að jafna húshitunarkostnað. Leggja þarf áherslu á að styðja aðgerðir til orkusparnaðar á svæðum þar sem orkuverðið er hæst. Landsvirkjun vekur athygli á að



mismunandi raforkuverð á landinu er tilkomið vegna þess að kostnaður við dreifingu er breytilegur, einkum milli dreifbýlis og þéttbýlis og hefur sá kostnaður hækkað á síðustu árum. Samkeppni er í raforkuvinnslunni og raforkusölu og kostnaður við flutning í meginflutningskerfinu er jafnaður.

Varðandi jöfnun orkukostnaðar má einnig benda á **C.5. Varmadæluvæðing á köldum svæðum**. Ljóst er að með uppsetningu varmadælna má ná niður orkukostnaði við húshitun. Fleiri leiðir geta verið færar og er mikilvægt að farið sé heildstætt yfir málið.

A.15. Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum. Landsvirkjun tekur undir að mikilvægt er að tryggja að innviðir stuðli að minni losun gróðurhúslofttegunda með orkuskiptum. Vakin er athygli á að í þingsályktun um orkuskipti er ítarlega fjallað um þetta verkefni og er afar brýnt að unnið verði markvisst og af krafti að orkuskiptum. Nauðsynlegt er að í senn verði unnið að styrkingu flutnings- og dreifikerfis raforku og sköpuð aðstaða til að notendur geti komið sér upp eða hafi tryggan aðgang að stöðvum til að tengja bíla, tæki og skip. Í orkuskiptum er fólgin mikil áskorun og mikilvægt að aðilar sem að því koma vinni saman. Þetta verkefni tengist **B.2. Flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi**. Eins og fram kemur í greinargerðinni er þörf á átaki varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku í landinu og það er áhyggjuefni að á mörgum stöðum í landinu er kerfið þegar fullnýtt. Mikilvægt er að Alþingi tryggi að þetta hindri ekki orkuskipti.

B.1. Þrífösun rafmagns og B.2. Flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi. Landsvirkjun tekur undir að mikilvægt er að efla flutningskerfi raforku um landið, þannig að hægt verði að styðja við atvinnulífið með auknu aðgengi að raforku sem unnin er úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Mikilvægt er einnig að tryggja orkuöryggi landsins, þannig að ávallt sé til reiðu raforka til vaxtar og nýtingar hjá bæði atvinnufyrirtækjum og heimilum. Í því skyni þurfa að vera til staðar virkjunarkostir þar sem byggja má orkuver sem nýta endurnýjanlega orkugjafa af hæfilegri stærð fyrir vöxt raforkumarkaðarins. Ennfremur þarf að gæta þess að leyfisveitingaferill við nýtingu slíkra kosta sé einfaldur og gagnsær og þar sé einnig gætt hagkvæmni í þeim undirbúningi sem virkjunaraðila eða flutnings- og dreifyfirtæki er falið að takast á hendur.

B.3. Stuðningur við byggingu smávirkjana. Landsvirkjun tekur undir að styðja þarf við könnun á möguleikum til raforkuvinnslu með litlum virkjunum. Í því efni þarf meðal annars að huga að því hvaða áhrif uppbygging smávirkjana kann að hafa á afhendingaröryggi. Nefna má að margar smávirkjanir í vatnsafli nýta t.d. dragár með mjög breytilegu rennsli sem geta jafnvel þornað upp í þurrkum á sumrin og í frosti á veturnum. Orkuvinnsla með vindmyllum er að sjálfsögðu breytileg og vinnslan stöðvast bæði í logni og þegar vindhraði fer yfir ákveðin mörk. Einnig þarf að kanna bæði umhverfisáhrif slíkra virkjana og hvort nýting þeirra muni leiða til hærri orkukostnaðar.

Í **B. Tækifæri til atvinnu** segir í c. lið: *Stuðlað verði að notkun á vistvænni orku í stað jarðefnaeldsneytis. Æskilegt væri að nánar verði fjallað um þetta í aðgerðaráætluninni.* Landsvirkjun leggur til að bætt verði inn að ávallt skuli vera til reiðu hæfilegur fjöldi kosta endurnýjanlegra orkugjafa til að tryggja aðgengi almennings og atvinnufyrirtækja að slíkri orku.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri